

## Þorleifur Hólm (1910-1988), múrari á Siglufirði

2019/6

Þorleifur fæddist 25. maí 1910 á Siglufirði og lést 18. apríl 1988 á sjúkrahúsinu á Siglufirði. Faðir hans var Lárus Blöndal Bjarnason, f. 17. júní 1894, d. 30. janúar 1954, skipstjóri. Móðir hans var Kristín Bessadóttir, f. 13. júlí 1886, d. 25. júní 1959.

Þorleifur var alinn upp hjá móðurbróður sínum Þorleifi Bessasyni, f. 18. júlí 1884, d. 7. nóvember 1964 og konu hans Hólmfríði Jónsdóttur f. 18. ágúst 1862, d. 30. september 1946.

Þorleifur var giftur Jóhönnu Sesselju Jónsdóttur f. 26. mars 1905, d. 7. júní 1989. Þau áttu saman sex börn og þar af fjögur sem komust á legg.

Í mörg ár vann Þorleifur sem múrari þrátt fyrir að hafa ekki til þess tilskilin leyfi sem var ekki vinsælt meðal iðnlærðra múrara á Siglufirði. Eftir að Þorleifur sendi erindi til Bjarna Benediktsson þáverandi iðnaðarmálaráðherra veitti iðnaðarmálaráðuneytið honum heimild til að „starfa við múrverk með sama hætti og þér hafið gert nú um all langt skeið.“

Afhending barst frá Kristinn Hólm, syni Þorleifs. Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
30. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir  
skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.		
<b>A-Þorleifur Hólm (1910-1988)</b>					
<b>A-Þorleifur Hólm (1910-1988)</b>		<b>1916- 1988</b>			
<b>Þorleifur Hólm (1910-1988)</b>			<b>2019 / 6</b>		
2019 -	A / 1	1	1935- 1962	Leyfisbréf til múrverka 1962; sálmaskrá Lovísa Pétursdóttir d. 18. apríl 1942; leiðbeiningar um loftvarnir í Siglufirði 1940; líffrygging Þorleifs Hólms frá 1935; mynd af bátnum Nirði; skömmtunarmiðar; kvæði; „Þeir hættu að moka“; deilur um löggildu múraranna á Siglufirði (?)	Laus blöð
2019 -	A / 1	2	1943- 1943	Aflaskýrsla m/b Stínu SI 75 Siglufirði	23 x 18,5cm
2019 -	A / 1	3	1931- 1931	Bragabók Þorleifs Hólms, skrifuð 16.2.1931.	21,5 x 17,5cm
2019 -	A / 1	4	1932- 1936	Sjóðsbók (eigin neysla Þorleifs 1932, húsbýggingarkostnaður 1934-1935, nýbygging Brekkugata 3 1935 og leigutekjur).	23 x 18,5cm
2019 -	A / 1	5	1935- 1950	Ávísanir; reikningar; kvittanir; listar yfir skuldir og innkomu; drög að aflaskýrslu m/b Stínu.	
2019 -	A / 1	6	1916- 1988	Lóðasamningar; kaupsamningar; byggingarvottorð; veðskuldabréf; byggingarleyfi; brunabótartrygging; teikning af Brekkugötu 7; erfðaskrár Þorleifs Bessasonar og Hólmsfríðar Jónsdóttur.	Brekkugata 7, Hvanneyrarbraut 17, Vallarstígur 6, Vallargata 7
2019 -	A / 1	7	1941- 1941	Símbréf með umboði til undirskriftar á kaupsamningi, tryggingabréf og kaupsamningar vegna kaupa á m/b Stínu.	